



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026
Garðyrkjakólinn Reykjavík



FORN1FV01
Fornhleðslur

Kennarar:	Björgvin Örn Eggertsson (umsjón og aðstoð) og Hörður Helgi Harðarson (umsjón og aðstoð). Guðjón Kristinsson, Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson, Kristín Auður Kelddal Elíasdóttir og Guðmundur Arngrímsson
-----------	---

Áfangalýsing:

Lýsing Nemendur kynnast flestu er viðkemur sögu hleðsla og mannvirkjagerðar úr torfi og grjóti á Íslandi. Mest áhersla er á verklega kennslu í áfanganum þar sem hlaðinn er veggur úr grjóti með torfstreng. Einnig eru skornir torfhnausar s.s. klömbruhnaus, kvíahnaus og snidda og sá efniviður notaður í hleðslur.	
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Sögu torfbæja og annarra mannvirkja á Íslandi úr torfi og náttúrugrjóti ýmist saman eða í sitthvoru lagi. • Hvernig torf er skorið s.s. snidda, klömbruhnaus, kvíahnaus og strengur og hvar gott torf er helst að finna. • Helstu aðferðum við uppbyggingu veggja úr bæði torfi og náttúrugrjóti. • Styrkingu veggja úr torfi og náttúrugrjóti. • Hvernig hús úr torfi og náttúrugrjóti eru byggð. • Hvernig torfpök eru útbúin.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Vinna að hleðslu úr torfi s.s. sniddu, klömbruhnaus, kvíahnaus og streng undir verkstjórn sem metið er með verklagi, vinnuframlagi og frágang. • Meta út frá nýtingu hráefnis hvernig best er að skera torfhnausa, svo sem sniddu, kvíahnaus og klömbruhnaus sem metið er með verklagi og frágangi.

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Tala og skrifa almennt um hvernig hleðslur úr bæði torfi og grjóti eru byggðar upp. - Skeru torf s.s. sniddu, klömbruhnaus og kvíahnaus. - Hlaða einfalda veggj úr bæði torfi og náttúrugrjóti með bakfyllingu. - Hlaða einfalda lága veggj úr sniddu.	- Taka þátt í gerð einfaldrar hleðslu úr bæði torfi og grjóti með bakfyllingu sem metið er með verklagi, samskiptahæfni og frágangi. - Taka þátt í gerð einfaldrar lágrar hleðslu úr sniddu sem metið er með verklagi og frágang.
--	--

Námsáætlun er lögð fram með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Tími
4. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45
5. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45
6. maí	Verkleg kennsla á Reykjum. Mætið í vinnufötum og með vinnuhanska.	09:00-15:45

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast áfangann þarf að mæta alla þrjá verklegu dagana á Reykjum.

Búnaður: Mætið alla dagana í vinnufötum, tilbúin til útiveru og með vinnuhanska (mjög mikilvægt), að ógleymdu góða skapinu. Við verðum í verkefnum utandyra alla dagana.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 7.janúar 2026.

Björgvin Örn Eggertsson